

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. október 2017

2017090028/42-0

TB
tb

Umsókn um nýtingarleyfi á sjóblönduðu vatni í landi Grindavíkurbæjar vegna stækkunar fiskeldisstöðvar í Grindavík

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun dags. 20. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Matorku ehf. um nýtingarleyfi á sjóblönduðu vatni í landi Grindavíkurbæjar vegna stækkunar fiskeldisstöðvar í Grindavík.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki fyrir sitt leyti athugasemd við að umbeðið nýtingarleyfi á sjóblönduðu vatni verði veitt að teknu tilliti til eftirfarandi. Stofnunin telur að Orkustofnun eigi, verði veitt leyfi fyrir vatnstökunni, að skilyrða leyfið við að heildaráhrif vatnstökunnar verði sem minnst þó framfylgd einstakra framkvæmdaþáttá vegna hennar sé ekki á hendi Orkustofnunar. Í leyfinu þarf því að gera kröfu um, t.d með vísun í útgáfu framkvæmdaleyfis, starfsleyfis eða viðeigandi laga s.s. náttúruverndarlaga, að fyllstu varúðar verði gætt við öflun vatnsins þannig að röskun á landi verði sem allra minnst, sbr. m.a. 61 gr. laga um náttúruvernd, og jafnframt að þess verði gætt að frárennslí, mengun, frá fiskeldisstöðinni hafi ekki óæskileg áhrif t.d. á fjörusvæði sunnan fiskeldisstöðvarinnar sem er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeilda

